

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/1229****2021/EES/66/02****frá 25. maí 2018****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar tæknilega
effirlitsstaðla um aga í uppgjöri (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 6. gr. og 15. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvæðin í þessari reglugerð eru nátengd hvert öðru þar eð þau eiga við um ráðstafanir til að koma í veg fyrir og takast á við uppgjörsbresti og til að hvetja til aga í uppgjöri með því að hafa eftirlit með uppgjörsbrestum, innheimta og leggja á fjársektir vegna þeirra og með því að tilgreina rekstrarleg atriði uppgjörskaupaferlisins. Til að tryggja samhengi milli þessara ákvæða og til að auðvelda aðilum sem falla undir skuldbindingarnar að fá samfellda mynd af þeim og finna þau á sama stað þykir rétt að hafa þær í einni reglugerð.
- 2) Í ljósi alþjóðlegs eðlis fjármálamarkaða ætti að taka tillit til meginreglnanna sem greiðslu- og uppgjörnefndin og Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði gaf út í apríl 2012 fyrir innviði fjármálamarkaða („meginreglur CPSS-IOSCO“), sem fela í sér alþjóðlega viðmiðun að því er varðar eftirlitskröfur sem gilda um miðlægar verðbréfamiðstöðvar („CSD“). Einnig ætti að taka tillit til tilmæla til verðbréfauppgjörskerfa sem greiðslu- og uppgjörnefndin og Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði gáfu út, sem fjalla um staðfestingu á viðskiptum, greiðslutímabil og verðbréfalánveitingu.
- 3) Til að tryggja samræmda beitingu á reglugerð (ESB) nr. 909/2014 og gera nánari grein fyrir þeim tæknilegu hugtökum sem nauðsynleg eru til að beita þessari reglugerð ætti að skilgreina nokkur hugtök.
- 4) Verðbréfafyrirtæki ættu að tryggja að þau hafi allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir uppgjör tímanlega til að gera viðskipti upp á árangursríkan og skilvirkan hátt. Einkum ættu verðbréfafyrirtæki sem ekki hafa nauðsynlegar upplýsingar fyrir uppgjör að hafa samband við viðskiptavinum sína til að fá upplýsingarnar sem nauðsynlegar eru fyrir skilvirkt uppgjör, þ.m.t. stöðluð gögn sem þarf fyrir uppgjörið.
- 5) Hvetja ætti til samfelldrar vinnslu (e. *straight-through processing*, „STP“) vegna þess að samfelld vinnsla alls staðar á markaðnum er nauðsynleg bæði til að viðhalda háu hlutfalli uppgjörs þegar magn eykst og til að tryggja tímanlegt uppgjör viðskipta yfir landamæri. Þar að auki skulu bæði beinir og óbeinir markaðsaðilar búa yfir innri sjálfvirkni sem

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 230, 13.9.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 309/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 14, 5.3.2020, bls. 68.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 257, 28.8.2014, bls. 1.

nauðsynleg er til að nýta til fulls þær STP-lausnir sem tiltækar eru. Hvað þetta varðar ættu verðbréfafyrirtæki að bjóða fagfjárfestum sínum möguleika á að senda staðfestingu og upplýsingar um úthlutun með rafrænum hætti, einkum með því nota alþjóðlega opna samskiptaferla og -staðla fyrir gagnasendingu og tilvísunargögn. Þar að auki ættu verðbréfamiðstöðvar að stuðla að samfelldri vinnslu og, þegar þær vinna uppgjörsfyrirmæli, nota ferla sem gerðir eru til að virka sjálfvirkt.

- 6) Verðbréfamiðstöðvar ættu að bjóða upp á pörunarmöguleika allan daginn til að stuðla að tímanlegu uppgjöri á fyrirhuguðum uppgjörsdegi.
- 7) Verðbréfamiðstöðvar ættu að krefjast þess af þátttakendum í verðbréfauppgjörskerfum þeirra að þeir noti skrá yfir skyldubundna pörunarreiði fyrir pörun uppgjörsfyrirmæla til að auðvelda uppgjör og tryggja samræmi milli verðbréfauppgjörskerfa.
- 8) Verðbréfamiðstöðvar ættu að hafa trausta og skilvirka virkni kerfa, stefnur og verklagsreglur sem gera þeim kleift að stuðla að og hvetja til uppgjörs á fyrirhuguðum uppgjörsdegi.
- 9) Verðbréfamiðstöðvar ættu að veita þátttakendum aðgang að rauntímaupplýsingum um stöðu uppgjörsfyrirmæla þeirra í verðbréfauppgjörskerfinu sem þær starfrækja til að hvetja til tímanlegs uppgjörs þessara þátttakenda.
- 10) Verðbréfamiðstöðvar ættu að bjóða þátttakendum í verðbréfauppgjörskerfum þeirra vergt rauntímauppgjör eða a.m.k. möguleika á uppgjöri nokkrum sinnum á dag á hverjum viðskiptadegi til að ljúka lokauppgjöri innan dags.
- 11) Skuldbinding verðbréfamiðstöðva um virkni kerfa ætti að vera háð skilvirkni uppgjörs þessara verðbréfamiðstöðva. Tiltekin virkni kerfa ætti því ekki að vera skyldubundin ef virði og hlutfall uppgjörsbresta í verðbréfauppgjörskerfinu sem verðbréfamiðstöð starfrækir er ekki umfram tiltekin fyrirframskilgreind mörk.
- 12) Til að auðvelda eftirlit með uppgjörsbrestum ættu verðbréfamiðstöðvar að nota samræmda aðferðafræði við tilkynningu um uppgjörsbresti til lögbærra yfirvalda og viðeigandi yfirvalda. Þessi aðferðafræði ætti að ná yfir sameiginlegan lista liða sem tilkynna skal um og jafnframt tíðni afhendingar slíkra skýrslna. Daglegt eftirlit ætti að vera með uppgjörsfyrirmælum sem færð eru í verðbréfauppgjörskerfið sem verðbréfamiðstöð starfrækir þar til þau eru gerð upp eða felld niður.
- 13) Verðbréfamiðstöðvar ættu að koma á vinnutilhögun með þeim þátttakendum sem hafa hæsta hlutfall uppgjörsbresta og, ef æskilegt, með viðkomandi miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum til að greina helstu ástæður uppgjörsbresta.
- 14) Verðbréfamiðstöðvar ættu að senda mánaðarlegar skýrslur til lögbærra yfirvalda sinna og viðeigandi yfirvalda. Lögbær yfirvöld ættu einnig að eiga rétt á að óska eftir viðbótarupplýsingum um uppgjörsbresti eða tíðari skýrslugjöf eftir því sem þörf krefur til að þau geti sinnt verkefnum sínum. Lögbæru yfirvöldin sem óska eftir upplýsingum ættu að deila slíkum viðbótarupplýsingum eða skýrslum með viðeigandi yfirvöldum án ástæðulausrar tafar.
- 15) Til að stuðla að gagnsæi og auðvelda samanburðarhæfi uppgjörsbresta alls staðar í Sambandinu ættu verðbréfamiðstöðvar að nota eitt sniðmát fyrir birtingu upplýsinga um uppgjörsbresti fyrir almenning.
- 16) Til að tryggja stöðuga beitingu krafna til verðbréfamiðstöðva um aga í uppgjöri ætti að setja fram ítarleg ákvæði um tilgreiningu á öllum viðskiptum sem eru óuppperð eftir fyrirhugaðan uppgjörsdag, framkvæmd uppgjörskaupa eftir atvikum, og kerfi fjársekta sem verðbréfamiðstöð hefur komið á, þ.m.t. tíma útreiknings og innheimtu fjársekta og útgreiðslu ágóða þeirra.
- 17) Reglum um ferla við innheimtu fjársekta og útgreiðslu ágóða vegna uppgjörsbresta ætti að beita í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/389 ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/389 frá 11. nóvember 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar kennistærðir fyrir útreikning á fjársektum vegna uppgjörsbresta og starfsemi verðbréfamiðstöðva í gístiaðildarrákjum (Stjtið. ESB L 65, 10.3.2017, bls. 1).

- 18) Til að tryggja að fjársektum vegna uppgjörsbresta sé beitt með samræmdum hætti ættu verðbréfamiðstöðvar að leggja á, innheimta og greiða út ágóðann af fjársektum reglulega og a.m.k. mánaðarlega. Til að tryggja að áhættusnið þeirra verði ekki fyrir áhrifum af rekstri sektarkerfisins ættu verðbréfamiðstöðvar þar að auki, þ.m.t. ef þátttakendur sem valda uppgjörsbresti greiða ekki sektir eins og krafist er, aðeins að bera ábyrgð á álagningu, innheimtu þessara fjárseкта og útgreiðslu ágóða þeirra. Þar sem þátttakandi getur einnig komið fram sem fulltrúi viðskiptavina sinna ættu verðbréfamiðstöðvar að veita þátttakendum nægar upplýsingar um útreikning á sektum til að gera þeim kleift að endurheimta fjársekt frá viðskiptavinum sínum.
- 19) Mikilvægt er að fjársektin sem er lögð á, ef um er að ræða uppgjörsbrest, sé ekki tekjulind fyrir verðbréfamiðstöðina. Því skal greiða fjársektina inn á aðskilinn reikning verðbréfamiðstöðvarinnar, sem aðeins ætti að notaða til innheimtu sektanna og útgreiðslu ágóða þeirra. Ekki má nota innheimtu sektinnar til að fjármagna framkvæmd, viðhald eða rekstur sektarkerfisins.
- 20) Í sérstökum tilvikum geta viðskipti verið hluti af keðju viðskipta þar sem uppgjörsfyrirmæli geta verið háð öðrum fyrirmælum og uppgjör einna fyrirmæla gæti gert kleift að gera upp mörg fyrirmæli í þeirri keðju. Ef ein uppgjörsfyrirmæli bregðast getur það haft keðjuverkandi áhrif og leitt til þess að síðari uppgjörsfyrirmæli fara forgörðum.
- 21) Til að takmarka fjölda peningatilfærslna ættu verðbréfamiðstöðvar því að skuldajafna fjárhæðina sem er til greiðslu til þátttakenda á móti fjárhæðinni sem þessir þátttakendur eiga að greiða og tryggja að allri sektarfjárhæðinni sé útteilt rétt innan uppgjörskeðjunnar til þeirra þátttakenda sem urðu fyrir áhrifum af uppgjörsbrestinum. Verðbréfamiðstöðvar ættu að veita þátttakendum nægar upplýsingar um útreikning fjárhæða til greiðslu til að gera þessum þátttakendum kleift, eftir því sem við á, að yfirfæra fjárhæðirnar sem eru til greiðslu til viðskiptavina þeirra.
- 22) Nota ætti sektarkerfið fyrir öll viðskipti sem mistakast, þ.m.t. stöðustofnuð viðskipti. Ef þátttakandinn sem veldur uppgjörsbresti er miðlægur mótaðili ætti sá miðlægi mótaðili ekki að greiða sektina heldur viðeigandi stöðustofnunaradili sem olli uppgjörsbrestinum. Verðbréfamiðstöðvar ættu í þessu skyni að veita miðlægum mótaðilum allar nauðsynlegar upplýsingar um uppgjörsbrest og útreikning sektar til að gera miðlægum mótaðilum kleift að leggja sekt á viðeigandi stöðustofnunaradila og greiða út ágóðann af innheimtri fjárhæð til þess stöðustofnunaradila sem uppgjörsbresturinn, að því er varðar sömu fjármálagerninga, hafði áhrif á.
- 23) Verðbréfamiðstöðvar sem nota sameiginlega uppgjörsinnviði ættu að vinna náið saman til að tryggja viðeigandi framkvæmd sektarkerfisins.
- 24) Til að styðja samþættan markað fyrir uppgjör verðbréfa ætti að samræma uppgjörskaupaferlið. Vegna mikilvægis þess að hvetja til tímanlegra aðgerða til að takast á við uppgjörsbresti er mikilvægt að halda öllum viðeigandi aðilum upplýstum í uppgjörskaupaferlinu.
- 25) Uppgjörsfyrirmæli geta brugðist hvað varðar alla fjármálagerninga sem fyrirmælin taka til, jafnvel þótt sumir fjármálagerningar séu tiltækir til afhendingar á reikning þátttakandans sem veldur uppgjörsbrestinum. Tilgangurinn með uppgjörskaupaferlinu er að auka skilvirkni uppgjörs. Til að lágmarka fjölda uppgjörskaupa ætti uppgjörskaupaferlið að falla undir skyldubeitingu uppgjörs viðkomandi uppgjörsfyrirmæla að hluta.
- 26) Með skyldubundnu uppgjöri að hluta á síðasta viðskiptadegi framlengingartímabils sem um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 næst viðeigandi jafnvægi milli réttinda kaupanda til að fá fjármálagerningana sem hann kaupir og nauðsynjar þess að lágmarka fjölda fjármálagerninga sem falla undir uppgjörskaup. Alla uppgjörskeypta fjármálagerninga ætti því að afhenda kaupandanum, jafnvel þótt fjöldi uppkveþra fjármálagerninga geri ekki fullt uppgjör viðkomandi uppgjörsfyrirmæla mögulegt.
- 27) Skyldubundið uppgjör að hluta ætti ekki að gilda um uppgjörsfyrirmæli sem þátttakandi hefur sett á bið, vegna þess að verið getur að viðkomandi fjármálagerningar á viðkomandi reikningi tilheyri ekki viðskiptavininum sem uppgjörsfyrirmæli hafa verið sett fyrir inn í uppgjörskerfið fyrir verðbréf.
- 28) Til að tryggja að farið sé að skuldbindingunum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 909/2014 ættu allir aðilarnir í uppgjörskeðjunni að hafa samningsbundið fyrirkomulag við viðkomandi mótaðila sína sem inniheldur skuldbindingar varðandi uppgjörskaup og er framfylgjanlegt í öllum viðeigandi lögsögum.

- 29) Til að auka skilvirkni uppgjör ætti alltaf að sannprófa fyrst hvort uppgjörskaupaferli sé mögulegt að því er varðar viðkomandi viðskipti og aðila að þeim.
- 30) Allir aðilar sem taka þátt í uppgjörskaupaferlinu skulu vera upplýstir um stöðu uppgjörskaupaferlisins á helstu tímamarkum. Skiptast ætti á þeim upplýsingum með tilkynningum til að aðilar sem taka þátt fái vitneskju um stöðu aðgerða til að gera upp viðskiptin og gera frekari ráðstafanir ef þörf krefur.
- 31) Aðilarnir sem upphaflega önnuðust viðkomandi viðskipti ættu að bera ábyrgð á framkvæmd uppgjörskaupanna vegna viðskipta, sem ekki eru stöðustofnuð af miðlægum mótaðila, til að gera kleift að setja upp skilvirkt uppgjörskaupaferli og til að komast hjá því að aðrir aðilar í uppgjörskedjunni eða þátttakendur verði ábyrgir fyrir skuldbindingum sem aðilar að viðskiptavettvangnum eða aðilar að viðskiptunum hafa stofnað til og til að auka ekki áhættusnið verðbrefamiðstöðva eða viðskiptavettvanga.
- 32) Að því er varðar uppgjör verðbrefaviðskipta eiga þátttakendur viðskipti fyrir eigin reikning eða setja fram uppgjörsfyrirmæli í verðbrefauppgjörskerfið sem starfrækt er af verðbrefamiðstöð samkvæmt beiðni viðskiptavina sinna. Þessir viðskiptavinir geta verið miðlægur mótaðili og stöðustofnunaraðilar hans, aðilar að viðskiptavettvangi eða, ef viðskiptin eru ekki framkvæmd á viðskiptavettvangi, aðilar sem stunda viðskipti. Því ættu uppgjörskaupa að virkjast á því stigi sem samningsbundin skylda til að kaupa og selja verðbref myndast.
- 33) Að því gefnu að uppgjörskaupaaðilinn ætti að grípa til aðgerða samkvæmt beiðni aðila sem ekki ber kostnaðinn í tengslum við inngríp uppgjörskaupaaðilans, ætti uppgjörskaupaaðilinn að koma fram samkvæmt kröfum um bestu framkvæmd og vernda hagsmuni stöðustofnunaraðilans sem veldur uppgjörsbresti, aðilans að viðskiptavettvangi eða viðskiptaaðilans.
- 34) Til að takmarka fjölda uppgjörskaupa og vernda seljanleika á markaði fyrir viðkomandi fjármálagerninga ætti að heimila stöðustofnunaraðilanum sem veldur uppgjörsbresti, aðilanum að viðskiptavettvangi sem veldur uppgjörsbresti eða viðskiptaaðilanum sem veldur uppgjörsbresti að afhenda fjármálagerninginn miðlæga mótaðilanum, aðilunum að viðskiptavettvangnum sem tekur við honum eða viðtökuvíðskiptaaðilum fyrir milligöngu þátttakenda þeirra upp að þeim tímamarki þegar þeir fá upplýsingar um að uppgjörskaupaaðilinn hafi verið tilnefndur eða að uppboð hafi verið sett af stað. Frá þeim tíma ættu þessir aðilar aðeins að geta tekið þátt í uppboði á fjármálagerningunum eða afhent þá uppgjörskaupaaðilanum, með fyrirframsamþykki hans, til að komast hjá því að viðtakandi stöðustofnunaraðili, viðtakandi aðili að viðskiptavettvangi eða viðtökuvíðskiptaaðili fái fjármálagerningana afhenta tvisvar. Aðilar sem taka þátt í uppgjörskaupaferlinu gætu einnig takmarkað fjölda uppgjörskaupa með því að samræma aðgerðir sín á milli og upplýsa verðbrefamiðstöðina um það, ef viðskipti eru hluti af keðju viðskipta og geta haft í för með sér mismunandi uppgjörsfyrirmæli.
- 35) Viðskipti sem ekki eru stöðustofnuð af miðlægum mótaðila eru almennt óveðtryggt og því ber hver aðili að viðskiptavettvangnum eða viðskiptaaðili mótaðilaáhættuna. Tilfærsla þessarar áhættu til annarra aðila s.s. þátttakenda þeirra, myndi neyða þá síðarnefndu til að verja áhættu sína gagnvart mótaðilaáhættu með veðtryggingu. Þetta gæti haft í för með sér aukinn og óhóflegan kostnað við uppgjör verðbrefa. Stöðustofnunaraðilinn sem veldur uppgjörsbresti, aðilinn að viðskiptavettvangi sem veldur uppgjörsbresti eða viðskiptaaðilinn sem veldur uppgjörsbresti, eftir því sem við á, ætti því í fyrsta lagi að bera ábyrgð á greiðslu kostnaðar vegna uppgjörskaupa, verðmismun og fébóta. Ef aðili að viðskiptavettvangi sem veldur uppgjörsbresti eða viðskiptaaðili sem veldur uppgjörsbresti uppfyllir ekki skyldu sína um að greiða þessar fjárhæðir ætti þátttakandi þeirra, sem þátttakandinn sem vanrækir skuldbindingar sínar, samt sem áður að standa straum af kostnaði við uppgjörskaupa og verðmismun en ekki fébótum.
- 36) Afhendingskuldbindingar vegna fjármálagerninga sem falla undir uppgjörskaupa eða greiðslu fébóta eða verðmismunar fjármálagerninga sem falla undir uppgjörskaupa ætti að framkvæma með viðtöku miðlægs mótaðila, viðtakandi aðila að viðskiptavettvangi eða viðtökuvíðskiptaaðila á viðkomandi fjármálagerningi eða peningum fyrir milligöngu þátttakenda sinna.
- 37) Ef uppgjörskaupin bregðast og ekki eru veittar tafarlaugar upplýsingar um hvort framlengja skuli uppgjörskaupatímabilið innan tímarammans sem mælt var fyrir um ætti að greiða fébætur til að vernda hagsmuni aðilanna og til að forðast óvissu vegna uppgjörskaupanna sem mistókust.
- 38) Til að minnka flækjustig og vernda miðlæga mótaðilann, viðtökuaðilann að viðskiptavettvangi eða viðtökuvíðskiptaaðilann ætti að afhenda þeim uppkeyptu fjármálagerningana fyrir milligöngu viðkomandi þátttakanda, sem er viðtakandi, í stað þess að afhenda hann fyrir milligöngu þátttakandans sem veldur uppgjörsbrestinum. Af þessari sömu ástæðu ætti að setja upphaflegu uppgjörsfyrirmælin sem settu af stað uppgjörskaupaferlið á bið og að lokum fella þau niður.

- 39) Til að reikna út og leggja á sektir vegna uppgjörsbresta með réttum hætti eftir lok framlengingartímabilsins ætti að fresta og skipta út viðkomandi uppgjörsfyrirmælum fyrir ný uppgjörsfyrirmæli á hverjum viðskiptadegi sem miðlægir mótaðilar, aðilar að viðskiptavettvöngum eða viðskiptaaðilar taka við fjármálagerningum fyrir milligöngu þátttakenda sinna, vegna framkvæmdar á uppgjörskaupum. Fjársektir ættu að gilda að því er varðar hver ný uppgjörsfyrirmæli frá þeim degi sem þau eru færð inn í verðbréfauppgjörskerfið.
- 40) Til að tryggja snurðulausa starfsemi þessara verðbréfauppgjörskerfa sem verðbréfamiðstöðvar reka og til að tryggja vissu tímalínu uppgjörskaupafertisins og greiðslu fjársektanna vegna uppgjörsbresta ætti að fresta uppgjörsfyrirmælum sem mistakast við afhendingu fjármálagerninganna eða, ef þeir eru ekki afhentir, við greiðslu fébóta, eða í síðasta lagi á öðrum viðskiptadegi eftir tilkynninguna um fjárhæð fébóta til greiðslu.
- 41) Ef verðið á fjármálagerningunum sem samþykkt var við viðskiptin er lægra en verðið sem var greitt við framkvæmd uppgjörskaupanna ætti stöðustofnunaradilinn, aðilinn að viðskiptavettvangi eða viðskiptaaðilinn sem veldur uppgjörsbresti, eftir því sem við á, að greiða verðmismuninn til að vernda hagsmuni viðtökuaðilans. Ef verðið á fjármálagerningunum sem samþykkt var við viðskiptin er hærra en verðið sem var greitt við framkvæmd uppgjörskaupanna telst skuldbinding þátttakandans sem veldur uppgjörsbrestinum, sem um getur í 6. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, vera uppfyllt, að því tilskildu að viðtökustöðustofnunaradilar, aðilar að viðskiptavettvangi eða viðskiptaaðilar greiði í reynd fyrir uppgjörskauptu fjármálagerningana.
- 42) Skilvirkt uppgjörskerfi krefst þess að framlengingartímabilið, sem er áður en uppgjörskaupafertlið fer af stað, sé aðlagð að tegundum eigna og seljanleika fjármálagerninganna. Ef markaður fyrir hlutabréf er nægilega virkur til að auðvelt sé að kaupa þau ætti ekki að framlengja framlengingartímabilið fyrir upphaf uppgjörskaupafertisins svo viðkomandi aðilar séu hvattir til að gera tímanlega upp viðskipti sem brestur verður við framkvæmd á. Hlutabréf sem eru ekki á virkum markaði ættu að njóta góðs af lengra framlengingartímabili. Skuldagerningar ættu einnig að hafa hag af lengra framlengingartímabili vegna þess að meiri viðskipti með þau eru yfir landamæri og vegna mikilvægis þeirra fyrir snurðulausa og skipulega starfsemi fjármálamarkaða.
- 43) Ráðstafanir til að takast á við uppgjörsbresti í tengslum við uppgjörskaup og sektir kunna að kalla á að gera þurfi verulegar breytingar á upplýsingatæknikerfum, gera markaðsrannsóknir og gera breytingar á lagalegu fyrirkomulagi milli hlutaðeigandi aðila, þ.m.t. verðbréfamiðstöðva og annarra markaðsaðila. Því ætti að veita nægan tíma til að unnt sé að gera þessar ráðstafanir, til að tryggja að hlutaðeigandi aðilar geti uppfyllt nauðsynlegar kröfur.
- 44) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾.
- 45) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft samráð við almenning um þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir álit hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010. Við þróun draganna að tæknilegu eftirlitsstöðlunum hefur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin einnig verið í nánú samstarfi við aðila að Seðlabankakerfi Evrópu,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn atriði

1. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „stöðustofnunaradili“: stöðustofnunaradili eins og hann er skilgreindur í 14. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽²⁾,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjút. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjút. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

- b) „kauphallarsjóður“: sjóður eins og skilgreindur er í 46. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (1),
- c) „framkvæmd fyrirmæla“: framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina eins og hún er skilgreind í 5. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- d) „almennur fjárfestir“: almennur fjárfestir eins og hann er skilgreindur í 11. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- e) „uppgjörsfyrirmæli“: fyrirmæli eins og þau eru skilgreind í i-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB (2),
- f) „viðskiptaaðili“: aðili sem kemur fram sem umbjóðandi í verðbréfavíðskiptum eins og um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 10. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- g) „aðili að viðskiptavettvangi“: aðili að eða þátttakandi í viðskiptavettvangi.

II. KAFLI

Ráðstafanir til að koma í veg fyrir uppgjörsbrest

2. gr.

Ráðstafanir sem varða fagfjárfesta

1. Verðbréfafyrirtæki skulu krefjast þess af fagfjárfestum sínum að þeir sendi þeim skriflegar úthlutanir á verðbréfum eða peningum til viðskipta sem um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og tilgreini þá reikninga sem á að skuldfæra eða leggja inn á. Í slíkri skriflegri úthlutun skal tilgreina eftirfarandi:

- a) eina af eftirfarandi tegundum viðskipta:
 - i. kaup eða sölu verðbréfa,
 - ii. veðtryggingastýringu (e. *collateral management*),
 - iii. verðbréfalánveitingu/-lántöku,
 - iv. endurhverf viðskipti,
 - v. önnur viðskipti sem unnt er að tilgreina með ítarlegri ISO-kóðum,
- b) alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer) fyrir fjármálagerninginn eða, sé ISIN-númer ekki tiltækt, annað auðkenni fjármálagerningsins,
- c) afhendingu eða viðtöku fjármálagerninga eða peninga,
- d) nafnverð skuldagerninga og magn annarra fjármálagerninga,
- e) viðskiptadag,
- f) viðskiptaverð fjármálagerningsins,
- g) gjaldmiðil viðskiptanna,
- h) fyrirhugaðan uppgjörsdag viðskiptanna,
- i) heildarfjárhæð peninga til afhendingar eða móttöku,
- j) auðkenni aðila sem varðveitir verðbréfin,
- k) auðkenni aðila sem varðveitir peningana,
- l) heiti og númer verðbréfa- eða peningareikninga sem leggja á inn á eða skuldfæra.

Skriflegar úthlutanir skulu tilgreina allar aðrar upplýsingar sem verðbréfafyrirtækið fer fram á til að auðvelda uppgjör viðskiptanna.

Verðbréfafyrirtæki sem hafa fengið staðfestingu á framkvæmd fyrirmæla sem fagfjárfestir gefur um viðskipti skulu sjá til þess með samningsbundnu fyrirkomulagi að fagfjárfestirinn staðfesti skriflega samþykki sitt á skilmálum viðskiptanna innan þeirra tímaramma sem settir eru fram í 2. mgr. Einnig er heimilt að sú skriflega staðfesting sé hluti af skriflegu úthlutuninni.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf (Stjútíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45).

Verðbréfafyrirtæki skulu gefa fagfjórðingum sínum kost á að senda skriflega úthlutun og skriflega staðfestingu með rafrænum hætti, með því nota alþjóðlega opna samskiptaferla og -staðla fyrir tilkynningar og tilvísunargögn sem um getur í 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

2. Fagfjórðingar skulu sjá til þess að skriflegar úthlutanir og skriflegar staðfestingar sem um getur í 1. mgr. berist verðbréfafyrirtækinu fyrir eftirfarandi fresti:

- a) fyrir dagslok á þeim viðskiptadegi sem viðskiptin eiga sér stað ef verðbréfafyrirtækið og viðkomandi fagfjórðingir eru á sama tímabelti,
- b) fyrir klukkan 12.00 að mið-evrópskum tíma (CET) viðskiptadaginn eftir daginn sem viðskiptin eiga sér stað ef annað af eftirfarandi á við:
 - i. meira en tveggja klukkustunda munur er á milli tímabeltis verðbréfafyrirtækisins og tímabeltis viðkomandi fagfjórðingis,
 - ii. fyrirmælin voru framkvæmd eftir klukkan 16.00 CET á viðskiptadeginum innan tímabeltis verðbréfafyrirtækisins.

Verðbréfafyrirtæki skulu staðfesta móttöku skriflegrar úthlutunar og skriflegrar staðfestingar innan tveggja klukkustunda frá móttöku. Taki verðbréfafyrirtæki við skriflegri úthlutun og skriflegri staðfestingu innan einnar klukkustundar fyrir lokun viðskipta skal það verðbréfafyrirtæki staðfesta móttöku skriflegu úthlutunarinnar og skriflegu staðfestingarinnar innan einnar klukkustundar frá upphafi viðskipta á næsta viðskiptadegi.

3. Fáir verðbréfafyrirtæki nauðsynlegar upplýsingar um uppgjör sem um getur í 1. mgr. innan þeirra tímaramma sem um getur í 2. mgr. er þeim heimilt að gera skriflegt samkomulag við fagfjórðinga sína um að senda ekki viðkomandi skriflegar úthlutanir og skrifleg samþykki.

4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki um fagfjórðinga sem geyma, hjá sama verðbréfafyrirtækinu, þau verðbréf og peninga sem varða uppgjörið.

3. gr.

Ráðstafanir sem varða almenna fjórðinga

Verðbréfafyrirtæki skulu krefjast þess af almennum fjórðingum sínum að þeir sendi þeim allar viðeigandi uppgjörsupplýsingar um viðskipti sem um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 í síðasta lagi kl. 12.00 CET næsta viðskiptadag eftir daginn sem viðskiptin áttu sér stað innan tímabeltis verðbréfafyrirtækisins, nema fjórðingurinn geymi viðkomandi fjármálagerninga og peninga hjá því sama verðbréfafyrirtæki.

4. gr.

Auðveldun og vinnsla uppgjörs

1. Verðbréfamíðstöðvar skulu afgreiða öll uppgjörsfyrirmæli á sjálfvirkum grundvelli.
2. Verðbréfamíðstöðvar sem hafa gripið handvirkt inn í sjálfvirkt uppgjörsferli með þeim hætti sem um getur í annaðhvort a- eða b-lið 3. mgr. skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um ástæðu inngripanna innan 30 daga frá atburðinum, nema sama ástæða hafi áður verið tilkynnt vegna fyrri inngripa.
3. Grípa skal handvirkt inn í sjálfvirkt uppgjörsferli við eftirfarandi aðstæður:
 - a) hafi tafir orðið eða breytingar verið gerðar á streymi móttekinnna uppgjörsfyrirmæla í verðbréfauppgjörskerfið, eða uppgjörsfyrirmælunum sjálfum verið breytt utan sjálfvirku ferlanna,
 - b) eigi inngrip í vinnslu móttekinnna uppgjörsfyrirmæla í uppgjörsvélinni sér stað utan sjálfvirkra aðgerða, þ.m.t. við stýringu upplýsingatæknilegra atburða.
4. Lögbærum yfirvöldum er heimilt hvenær sem er að upplýsa verðbréfamíðstöðvar um að tiltekin ástæða réttlæti ekki handvirk inngrip í sjálfvirka uppgjörsferlið. Eftir það skulu verðbréfamíðstöðvar ekki grípa handvirkt inn í sjálfvirka uppgjörsferlið af sömu ástæðu.

5. gr.

Pörun og útfylling uppgjörsfyrirmæla

1. Verðbréfamistöðvar skulu bjóða þátttakendum upp á aðgerðarmöguleika sem styður alsjálfvirka, samfellda rauntímapörun uppgjörsfyrirmæla út hvern viðskiptadag.
2. Verðbréfamistöðvar skulu krefjast þess af þátttakendum sínum að þeir pari uppgjörsfyrirmæli með aðgerðarmöguleikanum sem um getur í 1. mgr. fyrir uppgjörið, nema við eftirfarandi aðstæður:
 - a) ef verðbréfamistöðin hefur viðurkennt að viðskiptavettvangar, miðlægir mótaðilar eða aðrir aðilar hafi þegar parað uppgjörsfyrirmælin,
 - b) ef verðbréfamistöðin hefur sjálf parað uppgjörsfyrirmælin,
 - c) ef um er að ræða fyrirmæli um uppgjör án greiðslu (FoP), sem um getur í g-lið i. liðar 1. mgr. 13. gr., sem samanstanda af fyrirmælum um yfirfærslu fjármálagerninga milli mismunandi reikninga sem stofnaðir eru í nafni sama þátttakanda eða er stýrt af sömu reikningsstofnun.

Til reikningsstofnana sem um getur í c-lið skulu teljast þeir aðilar sem eru í samningssambandi við verðbréfamistöð og starfrækja verðbréfareikninga sem sú verðbréfamistöð heldur utan um með því að framkvæma rafrænar skráningar á þessa verðbréfareikninga.

3. Verðbréfamistöðvar skulu krefjast þess af þátttakendum að þeir noti eftirfarandi pörunarreiti í uppgjörsfyrirmælum sínum til pörunar uppgjörsfyrirmæla:
 - a) tegund uppgjörsfyrirmæla, eins og um getur í g-lið 1. mgr. 13. gr.,
 - b) fyrirhugaðan uppgjörsdag uppgjörsfyrirmælanna,
 - c) viðskiptadag,
 - d) gjaldmiðil, nema um sé að ræða fyrirmæli um uppgjör án greiðslu (FoP),
 - e) uppgjörsfjárhæð, nema um sé að ræða FoP-uppgjörsfyrirmæli,
 - f) nafnverð skuldagerninga, eða magn annarra fjármálagerninga,
 - g) afhendingu eða viðtöku fjármálagerninga eða peninga,
 - h) ISIN-númer fjármálagerningsins,
 - i) auðkenni þátttakanda sem afhendir fjármálagerning eða peninga,
 - j) auðkenni þátttakanda sem tekur við fjármálagerningi eða peningum,
 - k) auðkenni verðbréfamistöðvar mótaðila þátttakandans sé um að ræða verðbréfamistöðvar sem nota sameiginlega uppgjörsinnviði, þ.m.t. við þær aðstæður sem um getur í 5. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
 - l) aðra pörunarreiti sem verðbréfamistöðin fer fram á til að greiða fyrir uppgjöri viðskipta.
4. Til viðbótar við reitina sem um getur í 3. mgr. skulu verðbréfamistöðvar krefjast þess af þátttakendum sínum að þeir noti reit sem tilgreinir tegund viðskipta í uppgjörsfyrirmælum sínum á grundvelli eftirfarandi flokkunar:
 - a) kaup eða sala verðbréfa,
 - b) veðtryggingastýring,
 - c) verðbréfalánveiting/-lántaka,
 - d) endurhverf viðskipti,
 - e) önnur viðskipti (sem unnt er að tilgreina með ítarlegri ISO-kóðum sem verðbréfamistöðin útvegar).

6. gr.

Leyfilegur hámarksmunur

Að því er varðar pörun skal verðbréfamistöð ákveða leyfilegan hámarksmun uppgjörsfjárhæða.

Leyfilegur hámarksmunur skal vera sá hámarks mismunur milli uppgjörsfjárhæða í tveimur samsvarandi uppgjörsfyrirmælum þar sem pörun er enn heimil.

Að því er varðar uppgjörsfyrirmæli í evrum er hámarks mismunur á hver uppgjörsfyrirmæli 2 evrur fyrir uppgjörsfjárhæðir allt að 100 000 evrum og 25 evrur fyrir uppgjörsfjárhæðir yfir 100 000 evrum. Hámarks mismunur á hver uppgjörsfyrirmæli í öðrum gjaldmiðlum skal vera jafngildar fjárhæðir á grundvelli opinbers gengis Seðlabanka Evrópu, liggi það fyrir.

7. gr.

Afturköllunarfyrirkomulag

Verðbréfamiðstöðvar skulu koma á tvíhliða afturköllunarfyrirkomulagi sem gerir þátttakendum kleift að afturkalla tvíhliða pörud uppgjörsfyrirmæli sem eru hluti af sömu viðskiptum.

8. gr.

Setja á bið og losa fyrirkomulag

Verðbréfamiðstöðvar skulu koma á „á bið“ og „losa“ fyrirkomulagi sem samanstendur af hvoru tveggja af eftirfarandi:

- a) fyrirkomulagi til að „setja á bið“, sem gerir þátttakandanum sem gefur fyrirmælin kleift að hindra framkvæmd uppgjörsfyrirmæla sem eru á bið vegna uppgjörs,
- b) fyrirkomulagi til að „losa“, sem gerir þátttakandanum sem gefur fyrirmælin kleift að losa uppgjörsfyrirmæli, sem framkvæmd á hefur verið hindruð, vegna uppgjörs.

9. gr.

Endurvinnsla

Verðbréfamiðstöðvar skulu endurvinna uppgjörsfyrirmæli sem hafa valdið uppgjörsbresti þar til þau hafa verið gerð upp eða verið afturkölluð tvíhliða.

10. gr.

Uppgjör að hluta

Verðbréfamiðstöðvar skulu gera kleift að gera uppgjörsfyrirmæli upp að hluta.

11. gr.

Viðbótarþjónusta og upplýsingar

1. Verðbréfamiðstöðvar skulu bjóða þátttakendum upp á þann möguleika að fá upplýsingar um þau uppgjörsfyrirmæli mótaðila sinna sem bíða afgreiðslu, annaðhvort innan einnar klukkustundar frá fyrstu árangurslausu tilraun til pörunar þeirra fyrirmæla eða strax í kjölfar slíkrar árangurslausrar tilraunar ef hún er gerð innan fimm klukkustunda fyrir lok fyrirhugaðs uppgjörsdags eða eftir fyrirhugaðan uppgjörsdag.

2. Verðbréfamiðstöðvar skulu veita þátttakendum aðgang að rauntímaupplýsingum um stöðu uppgjörsfyrirmæla sinna í verðbréfauppgjörskerfinu, þ.m.t. upplýsingar um:

- a) óafgreidd uppgjörsfyrirmæli sem enn kunna að verða gerð upp á fyrirhuguðum uppgjörstegi,
- b) uppgjörsfyrirmæli sem brestur verður við framkvæmd á og ekki er lengur unnt að gera upp á fyrirhuguðum uppgjörstegi,
- c) uppgjörsfyrirmæli sem hafa verið gerð upp að fullu,
- d) uppgjörsfyrirmæli sem hafa verið gerð upp að hluta, að meðtöldum bæði uppgerðum og óuppgerðum hluta annaðhvort fjármálagerninga eða peninga,
- e) niðurfelld uppgjörsfyrirmæli, þ.m.t. upplýsingar um hvort kerfið eða þátttakandi felldi þau úr gildi.

3. Rauntímaupplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. skulu tilgreina eftirfarandi:
 - a) hvort uppgjörfyrirmælin hafi verið pöruð,
 - b) hvort enn sé unnt að gera uppgjörfyrirmælin upp að hluta,
 - c) hvort uppgjörfyrirmæli séu á bið,
 - d) ástæður þess að fyrirmælin eru óafgreidd eða brestur hefur orðið á framkvæmd þeirra.
4. Verðbréfamiðstöðvar skulu bjóða þátttakendum annaðhvort brúttóuppgjör í rauntíma allan viðskiptadaginn eða að lágmarki þrjár uppgjörslotur hvern viðskiptadag. Slíkum þremur uppgjörslotum skal dreifa yfir viðskiptadaginn í samræmi við þörf markaðarins, á grundvelli óska notendaneftar verðbréfamiðstöðvarinnar.

12. gr.

Undanþága frá tilteknum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir uppgjörsbrest

1. Ákvæði 8. og 10. gr. gilda ekki ef verðbréfauppgjörskerfið sem verðbréfamiðstöð starfrækir uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
 - a) virði uppgjörsbresta er ekki meira en 2,5 milljarða evra á ári,
 - b) hlutfall uppgjörsbresta, annaðhvort á grundvelli fjölda uppgjörfyrirmæla eða virðis uppgjörfyrirmæla, er minna en 0,5% á ári.

Hlutfall uppgjörsbresta á grundvelli fjölda uppgjörfyrirmæla skal reikna út með því að deila í fjölda uppgjörsbresta með fjölda uppgjörfyrirmæla sem færð eru í verðbréfauppgjörskerfið á viðkomandi tímabili.

Hlutfall uppgjörsbresta á grundvelli virðis uppgjörfyrirmæla skal reikna út með því að deila virði uppgjörsbresta í evrum með virði uppgjörfyrirmæla sem færð eru í verðbréfauppgjörskerfið á viðkomandi tímabili.

2. Í síðasta lagi 20. janúar ár hvert skulu verðbréfamiðstöðvar meta hvort skilyrðin sem um getur í 1. mgr. eru uppfyllt og tilkynna lögbæra yfirvaldinu um niðurstöður þess mats í samræmi við II. viðauka.

Staðfesti matið að a.m.k. eitt þeirra skilyrða sem um getur í 1. mgr. eigi ekki lengur við skulu verðbréfamiðstöðvar beita 8. og 10. gr. innan eins árs frá dagsetningu tilkynningarinnar sem um getur í fyrstu undirgrein.

III. KAFLI

Ráðstafanir til að takast á við uppgjörsbrest

I. þáttur

Eftirlit með uppgjörsbrestum

13. gr.

Upplýsingar um kerfi til eftirlits með uppgjörsbrestum

1. Verðbréfamiðstöðvar skulu koma á fót kerfi sem gerir þeim kleift að hafa eftirlit með fjölda og virði uppgjörsbresta á hverjum fyrirhuguðum uppgjörssdegi, þ.m.t. tímalengd hvers uppgjörsbrests í viðskiptadögum. Kerfið skal safna eftirfarandi upplýsingum um hvern uppgjörsbrest:
 - a) um ástæðu uppgjörsbrestsins, á grundvelli þeirra upplýsinga sem eru tiltækar verðbréfamiðstöðinni,
 - b) allar uppgjörstakmarkanir, s.s. að fjármálagerningar eða peningar séu teknir frá, útilokaðir eða eyrnamerkir, sem gerir þá fjármálagerninga eða peninga ótíltæka til uppgjör,

- c) tegund fjármálagernings, innan eftirfarandi flokka sem uppgjörsbresturinn hefur áhrif á:
- i. framseljanleg verðbréf eins og þau eru skilgreind í a-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
 - ii. ríkisskuldir eins og þær eru skilgreindar í 61. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
 - iii. framseljanleg verðbréf eins og þau eru skilgreind í b-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, önnur en ríkisskuldir sem um getur í ii. lið,
 - iv. framseljanleg verðbréf eins og þau eru skilgreind í c-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
 - v. kauphallarsjóðir,
 - vi. hlutteilarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, öðrum en kauphallarsjóðum,
 - vii. peningamarkaðsgerningar, aðrir en ríkisskuldir sem um getur í ii. lið,
 - viii. losunarheimildir,
 - ix. aðrir fjármálagerningar,
- d) tegund viðskipta, innan eftirfarandi flokka sem uppgjörsbresturinn hefur áhrif á:
- i. kaup eða sala fjármálagerninga,
 - ii. veðtryggingastýring,
 - iii. verðbréfalánveiting/-lántaka,
 - iv. endurhverf viðskipti,
 - v. önnur viðskipti, sem unnt er að tilgreina með ítarlegri ISO-kóðum sem verðbréfamiðstöðin útvegar,
- e) staður viðskipta og stöðustofnunar fjármálagerninga sem verða fyrir áhrifum, eftir atvikum,
- f) tegund uppgjörsfyrirmæla, innan eftirfarandi flokka, sem uppgjörsbresturinn hefur áhrif á:
- i. uppgjörsfyrirmæli innan verðbréfamiðstöðvar, ef aðilinn sem veldur uppgjörsbresti og viðtökuaðilinn eru báðir þátttakendur í sama verðbréfauppgjörskerfi, eða
 - ii. uppgjörsfyrirmæli milli verðbréfamiðstöðva, ef aðilinn sem veldur uppgjörsbresti og viðtökuaðilinn eru þátttakendur í sitt hvoru verðbréfauppgjörskerfinu eða annar þátttakandinn er verðbréfamiðstöð,
- g) tegund uppgjörsfyrirmæla, innan eftirfarandi flokka, sem uppgjörsbresturinn hefur áhrif á:
- i. fyrirmæli um uppgjör án greiðslu (FoP) sem samanstanda af uppgjörsfyrirmælum um afhendingu án greiðslu (DFP) og viðtöku án greiðslu (RFP),
 - ii. uppgjörsfyrirmæli um afhendingu gegn greiðslu (DVP) og viðtöku gegn greiðslu (RVP),
 - iii. uppgjörsfyrirmæli um afhendingu með greiðslu (DWP) og viðtöku með greiðslu (RWP) eða
 - iv. uppgjörsfyrirmæli um greiðslu án afhendingar (PFOD) sem samanstanda af uppgjörsfyrirmælum um skuldfærslu greiðslu án afhendingar (DPFOD) og innlögn greiðslu án afhendingar (CPFOD),
- h) tegund verðbréfareikninga sem tengjast uppgjörsbrestinum, þ.m.t.:
- i. eigin reikningur þátttakanda,
 - ii. sérgreindur reikningur viðskiptavinar þátttakanda,
 - iii. safnreikningur viðskiptavinar þátttakanda,
- i) gjaldmiðillinn sem uppgjörsfyrirmælin eru tilgreind í.
2. Verðbréfamiðstöðvar skulu koma á fót vinnutilhögun ásamt þeim þátttakendum er um getur í reitum 17 og 18 í töflu 1 í I. viðauka sem hafa mest áhrif á verðbréfauppgjörskerfi þeirra og, eftir atvikum, ásamt viðkomandi miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum til að greina helstu ástæður uppgjörsbresta.

*14. gr.***Skýrslugjöf um uppgjörsbrest**

1. Verðbréfamiðstöðvar skulu senda þær upplýsingar sem um getur í I. viðauka til lögbærra yfirvalda og viðeigandi yfirvalda mánaðarlega og fyrir lokun viðskipta á fimmta viðskiptadegi næstkomandi mánaðar.

Á meðal þeirra upplýsinga skulu vera viðkomandi virði í evrum. Allur umreikningur á virði yfir í evrur skal miðast við opinbert gengi Seðlabanka Evrópu á síðasta degi skýrslutímabilsins, liggi það opinbera gengi Seðlabanka Evrópu fyrir.

Verðbréfamiðstöðvar skulu gefa skýrslu oftar og veita viðbótarupplýsingar um uppgjörsbresti óski lögbæra yfirvaldið eftir því.

2. Eigi síðar en 20. janúar ár hvert skulu verðbréfamiðstöðvar senda lögbærum yfirvöldum og viðkomandi yfirvöldum þær upplýsingar sem um getur í II. viðauka, þ.m.t. um þær ráðstafanir sem verðbréfamiðstöðvarnar og þátttakendur þeirra fyrirhuga eða gera til að auka uppgjörsskilvirkni verðbréfauppgjörskerfanna sem þær starfrækja.

Verðbréfamiðstöðvar skulu hafa reglulegt eftirlit með beitingu þeirra ráðstafana sem um getur í fyrstu undirgrein og afhenda lögbæru yfirvaldi og viðeigandi yfirvöldum allar niðurstöður slíks eftirlits sem skipta máli, sé þess óskað.

3. Upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. skal veita á tölvulesanlegu sniði.

4. Virði uppgjörsfyrirmæla sem um getur í I. til III. viðauka skal reikna út sem hér segir:

- a) sé um að ræða fyrirmæli um uppgjör gegn greiðslu, uppgjörsfjárhæð peningahlutans,
- b) sé um að ræða fyrirmæli um uppgjör án greiðslu (FoP), markaðsvirði fjármálagerninganna sem um getur í 3. mgr. 32. gr. eða, liggi það ekki fyrir, nafnvirði fjármálagerninganna.

*15. gr.***Opinber birting upplýsinga um uppgjörsbrest**

Verðbréfamiðstöðvar skulu án endurgjalds birta á vefsetri sínu þær upplýsingar sem settar eru fram í III. viðauka um verðbréfauppgjörskerfin sem þær starfrækja, þ.m.t. viðkomandi virði í evrum.

Allur umreikningur á virði yfir í evrur skal miðast við opinbert gengi Seðlabanka Evrópu á síðasta degi skýrslutímabilsins, liggi það opinbera gengi Seðlabanka Evrópu fyrir.

Þær upplýsingar sem um getur í fyrstu undirgrein skal birta árlega á tungumáli sem venja er að nota í alþjóðafjármálagæranum og skulu þær vera tölvulesanlegar.

2. þáttur

Fjáarsektir*16. gr.***Útreikningur og beiting fjáarsekta**

1. Verðbréfamiðstöðvar skulu reikna út og beita þeim fjáarsektum sem um getur í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 fyrir hver uppgjörsfyrirmæli sem brestur verður á að gera upp.

Útreikningurinn sem um getur í fyrstu undirgrein skal taka til uppgjörsfyrirmæla sem þátttakandi hefur sett á bið.

Sé pörunar krafist samkvæmt 2. mgr. 5. gr. skal aðeins beita fjáarsektum á pöruð uppgjörsfyrirmæli.

2. Reikna skal út og beita fjáarsektum við lok hvers viðskiptadags sem brestur verður á að gera upp uppgjörsfyrirmæli.

3. Hafi uppgjörsfyrirmæli verið færð í verðbréfauppgjörskerfið eða verið pöruð eftir fyrirhugaðan uppgjörsdag skal reikna út fjársektir og beita þeim frá og með fyrirhuguðum uppgjörstegi.

Séu ný uppgjörsfyrirmæli færð inn í verðbréfauppgjörskerfið um fjármálagerninga sem ekki eru afhentir, í samræmi við 10. mgr. 27. gr., 11. mgr. 29. gr. eða 11. mgr. 31. gr., skal beita fjársektum á nýju uppgjörsfyrirmælin frá þeim degi sem þau fyrirmæli eru færð í verðbréfauppgjörskerfið.

Hafi uppgjörsfyrirmæli verið pöruð eftir fyrirhugaðan uppgjörsdag skal síðasti þátttakandinn sem færði inn eða breytti viðkomandi uppgjörsfyrirmælum í verðbréfauppgjörskerfinu greiða fjársektir fyrir tímabilið milli fyrirhugaðs uppgjörstegis og viðskiptadagsins á undan deginum sem pörun á sér stað.

4. Verðbréfamiðstöðvar skulu daglega veita hverjum viðkomandi þátttakanda upplýsingar um útreikning á fjársektum vegna hvers brests í framkvæmd uppgjörsfyrirmæla, þ.m.t. upplýsingar um reikninginn sem hver uppgjörsfyrirmæli sem brestur verður við framkvæmd á vísa til.

17. gr.

Innheimta fjársekta og útgreiðsla ágóða þeirra

1. Verðbréfamiðstöðvar skulu leggja á og innheimta minnst mánaðarlega nettó fjárhæð þeirra fjársekta sem hverjum þátttakanda sem veldur uppgjörsbresti ber að greiða.

Ágóða fjársekta skal leggja inn á sérstakan peningareikning.

2. Verðbréfamiðstöðvar skulu minnst mánaðarlega greiða þátttakendum sem eru viðtakendur og verða fyrir áhrifum af uppgjörsbresti nettó fjárhæð þeirra fjársekta sem um getur í 1. mgr.

18. gr.

Kostnaður við sektarkerfi

1. Verðbréfamiðstöðvar skulu ekki beita fjársektum til að standa straum af kostnaði við sektarkerfið.

2. Verðbréfamiðstöðvar skulu birta þátttakendum ítarlegar upplýsingar um fjárhæð þess kostnaðar sem um getur í 1. mgr.

3. Verðbréfamiðstöðvar skulu innheimta sérstakt gjald af þátttakendum vegna kostnaðar við sektarkerfið. Þennan kostnað skal ekki innheimta á grundvelli brúttó sekta sem lagðar eru á hvern þátttakanda.

19. gr.

Sektarkerfi ef þátttakandinn er miðlægur mótaðili

Ef þátttakandinn sem veldur uppgjörsbresti eða er viðtakandinn er miðlægur mótaðili skulu verðbréfamiðstöðvar tryggja eftirfarandi:

- a) að miðlægir mótaðilar fái útreikninga fjársekta vegna uppgjörsfyrirmæla þessara miðlægra mótaðila sem brestur verður við framkvæmd á,
- b) að miðlægir mótaðilar innheimti þær fjársektir sem um getur í a-lið frá stöðustofnunaraðilunum sem ollu uppgjörsbrestunum,
- c) að miðlægir mótaðilar greiði út ágóða fjársekta sem um getur í b-lið til þeirra stöðustofnunaraðila sem uppgjörsbrestirnir hafa áhrif á,
- d) að miðlægir mótaðilar gefi mánaðarlega skýrslu til verðbréfamiðstöðvarinnar um þær sektir sem þeir hafa innheimt og greitt út ágóðann af.

20. gr.

Verðbréfamiðstöðvar sem nota sameiginlega uppgjörsinnviði

Verðbréfamiðstöðvar sem nota sameiginlega uppgjörsinnviði, þ.m.t. þar sem einhverri þjónustu þeirra eða starfsemi hefur verið útvistað eins og um getur í 5. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, skulu í sameiningu koma á fót sektarkerfi eins og um getur í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og stýra í sameiningu fyrirkomulagi útreiknings fjársekta, beitingar þeirra og innheimtu og útgreiðslu ágóða af þeim í samræmi við þessa reglugerð.

3. þáttur

Upplýsingar um uppgjörskaupaferli

Undirþáttur 1

Almenn atriði

21. gr.

Uppgjörskaup ekki möguleg

Uppgjörskaup skulu aðeins teljast ómöguleg ef:

- a) viðkomandi fjármálagerningar eru ekki lengur til,
- b) um er að ræða viðskipti sem ekki eru stöðustofnuð af miðlægum mótaðila og viðskiptavettvangsaðilinn sem veldur uppgjörsbresti eða viðskiptaaðilinn sem veldur uppgjörsbresti er tekinn til málsmeðferðar vegna ógjaldfærni.

Að því er varðar b-lið merkir málsmeðferð vegna ógjaldfærni hvers kyns heildarráðstöfun sem kveðið er á um í lögum aðildarríkis, eða þriðja lands, annaðhvort til félagsslita eða endurskipulagningar á aðila að viðskiptavettvangi eða á viðskiptaaðila, ef sú ráðstöfun felur í sér stöðvun eða takmarkanir á yfirfærslum eða greiðslum.

22. gr.

Óskilvirkt uppgjörskaupaferli

1. Að því er varðar b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skulu eftirfarandi aðgerðir teljast samsettar af fleiri en einum viðskiptum:

- a) aðgerðir þar sem annar aðilinn selur fjármálagerninga gegn peningum („1. viðskipti“), gegn loforði hins aðilans um að selja jafngilda fjármálagerninga til fyrri aðilans á verði sem er ákvarðað eða ákvarðanlegt („2. viðskipti“),
- b) aðgerðir þar sem annar aðilinn yfirfærir fjármálagerninga til annars aðila („1. viðskipti“) gegn loforði síðari aðilans um að yfirfæra á móti jafngilda fjármálagerninga til fyrri aðilans („2. viðskipti“).

2. Eigi 1. mgr. við skal uppgjörskaupaferlið teljast óskilvirkt ef fyrirhugaður uppgjörsdagur 2. viðskiptanna er innan 30 virkra daga eftir fyrirhugaðan uppgjörsdag 1. viðskiptanna.

23. gr.

Beiting uppgjör að hluta

1. Séu einhverjir viðkomandi fjármálagerningar tiltækir til afhendingar á síðasta viðskiptadegi framlengingartímabilsins sem um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 til þátttakandans sem er viðtakandi skal hann og þeir stöðustofnunaraðilar, aðilar að viðskiptavettvangi eða viðskiptaaðilar sem valda uppgjörsbresti, eftir atvikum, gera upp upphaflegu uppgjörsfyrirmælin að hluta nema skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 12. gr. þessarar reglugerðar séu uppfyllt.

2. Fyrsta undirgrein gildir ekki ef viðkomandi uppgjörsfyrirmæli eru sett í „á bið“ í samræmi við 8. gr.

24. gr.

Umsjónaraðili uppgjörskaupa

Umsjónaraðili uppgjörskaupa (e. *buy-in agent*) skal ekki eiga hagsmuna að gæta sem rekast á við framkvæmd uppgjörskaupa og skal framkvæma þau á bestu fáanlegu kjörum fyrir þann stöðustofnunaraðila, aðila að viðskiptavettvangi eða viðskiptaaðila sem veldur uppgjörsbresti, eftir atvikum, í samræmi við 27. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

25. gr.

Sammingsbundið fyrirkomulag og ferlar

1. Aðilar í uppgjörskaupanni skulu koma á sammingsbundnu fyrirkomulagi gagnvart viðkomandi mótaðila sem felur í sér þær kröfur um uppgjörskaupaferlið sem tilgreindar eru í 2. mgr. og þá ferla sem tilgreindir eru í 3. mgr.

2. Hið samningsbundna fyrirkomulag sem um getur í 1. mgr. skal fela í sér allar gildandi kröfur sem settar eru fram í 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og í 26. til 38. gr. þessarar reglugerðar. Hver og einn aðili í uppgjörskedjunni skal tryggja að samningsbundið fyrirkomulag sem komið er á fót gagnvart viðkomandi mótaðila sé framfylgjanlegt í öllum viðkomandi lögsögum.
3. Miðlægir mótaðilar, stöðustofnunaraðilar, aðilar að viðskiptavettvangi eða viðskiptaaðilar skulu koma á nauðsynlegum ferlum til framkvæmdar uppgjörskaupa og greiðslu fébóta, verðmismunar og kostnaðar við uppgjörskaupin innan þess tímaramma sem krafist er. Samningsbundna fyrirkomulagið og ferlarnir sem um getur í þessari grein skulu fela í sér nauðsynleg ákvæði til að tryggja að viðkomandi aðilar í uppgjörskedjunni fái þær upplýsingar sem þeir þurfa til að nýta réttindi sín og rækja skyldur sínar í samræmi við þá tímaramma sem tilgreindir eru í 26. til 35. gr. þessarar reglugerðar.
4. Þátttakendurnir skulu koma á nauðsynlegu samningsbundnu fyrirkomulagi gagnvart viðskiptavinum sínum til að tryggja að þær kröfur í tengslum við uppgjörskaup sem settar eru fram í þessari reglugerð séu framfylgjanlegar í öllum lögsögum sem aðilar uppgjörskedjunnar heyra undir.
5. Uppgjörskauptir fjármálagerningar skulu því aðeins teljast afhentir, að því er varðar 27., 29. og 31. gr., að þeir þátttakendur sem eru viðtakendur og koma fram fyrir hönd miðlæga mótaðilans eða þeir stöðustofnunaraðilar, aðilar að viðskiptavettvangi eða viðskiptaaðilar sem eru viðtakendur hafi tekið við þeim gerningum í verðbréfauppgjörskerfinu sem verðbréfamíðstöðin starfrækir.
6. Fébætur sem um getur í 33. gr. og verðmismunur sem um getur í 1. mgr. 35. gr. teljast því aðeins greidd að þeir þátttakendur sem eru viðtakendur og koma fram fyrir hönd miðlægs mótaðila eða þeir stöðustofnunaraðilar, aðilar að viðskiptavettvangi eða viðskiptaaðilar sem eru viðtakendur hafi tekið við peningagreiðslunni.

Undirþáttur 2

Uppgjörskaupaferli viðskipta sem miðlægur mótaðili stöðustofnar

26. gr.

Frumathugun

1. Á viðskiptadeginum eftir lok framlengingartímabils skulu miðlægir mótaðilar athuga hvort uppgjörskaup eru möguleg í samræmi við a-lið 21. gr. í tengslum við einhver þeirra viðskipta sem þeir hafa stöðustofnað.
2. Séu uppgjörskaup ekki möguleg skv. a-lið 21. gr. skal miðlægi mótaðilinn tilkynna stöðustofnunaraðilanum sem veldur uppgjörsbresti um fjárhæð fébótanna, sem er reiknuð út í samræmi við 32. gr. Fébætur skal greiða í samræmi við 1. mgr. 33. gr.
3. Séu uppgjörskaup möguleg gildir 27. gr.

27. gr.

Uppgjörskaupaferli og tilkynningar

1. Séu uppgjörskaup möguleg skal miðlægur mótaðili halda uppboð eða skipa umsjónaraðila uppgjör á næsta viðskiptadegi eftir að framlengingartímabilinu lýkur og tilkynna það þeim stöðustofnunaraðila sem veldur uppgjörsbresti og þeim stöðustofnunaraðila sem er viðtakandinn.
2. Við móttöku tilkynningarinnar sem um getur í 1. mgr. skal stöðustofnunaraðilinn sem veldur uppgjörsbresti tryggja að uppgjörsfyrirmælin í tengslum við uppgjörsbrestinn séu sett á bið.
3. Við móttöku tilkynningarinnar sem um getur í 1. mgr. er stöðustofnunaraðilanum sem veldur uppgjörsbresti aðeins heimilt að afhenda fjármálagerningana eins og hér segir:
 - a) til umsjónaraðila uppgjör ef sá samþykkir það fyrirfram,
 - b) til miðlæga mótaðilans ef stöðustofnunaraðilinn sem veldur uppgjörsbresti hefur orðið hlutskarpastur í uppboðinu.

Fram að móttöku tilkynningarinnar sem um getur í 1. mgr. er stöðustofnunaraðilanum sem veldur uppgjörsbresti enn heimilt að afhenda fjármálagerningana beint til miðlæga mótaðilans.

4. Miðlægi mótaðilinn skal tilkynna stöðustofnunaraðilanum sem veldur uppgjörsbresti, stöðustofnunaraðilanum sem er viðtakandi og viðkomandi verðbréfamiðstöð um niðurstöðu uppgjörskaupanna eigi síðar en á síðasta viðskiptadegi tímabilsins sem ákvarðað er í samræmi við 37. gr.
5. Heppnist uppgjörskaupin að hluta eða að öllu leyti skal tilkynningin sem um getur í 4. mgr. tilgreina magn og verð uppgjörskauptu fjármálagerninganna.
6. Verði brestur á uppgjörskaupunum að hluta eða að öllu leyti skal tilkynningin sem um getur í 4. mgr. tilgreina fébætur sem reiknaðar eru út í samræmi við 32. gr., nema tilkynningin tilgreini að framkvæmd uppgjörskaupanna sé frestað.
7. Sé framkvæmd uppgjörskaupanna frestað skal miðlægi mótaðilinn tilkynna stöðustofnunaraðilanum sem veldur uppgjörsbresti, stöðustofnunaraðilanum sem er viðtakandi og viðkomandi verðbréfamiðstöð um niðurstöður frestuðu uppgjörskaupanna eigi síðar en á síðasta viðskiptadegi frestunartímabilsins sem um getur í 38. gr.
8. Heppnist uppgjörskaupin sem um getur í 7. gr. að hluta eða að öllu leyti skal tilkynningin sem um getur í þeirri málsgrein tilgreina magn og verð uppgjörskauptu fjármálagerninganna.
9. Verði brestur á uppgjörskaupunum sem um getur í 7. gr. að hluta eða að öllu leyti skal tilkynningin sem um getur í þeirri málsgrein tilgreina þá fjárhæð fébóta sem reiknuð er út í samræmi við 32. gr.
10. Miðlægi mótaðilinn skal samþykkja og greiða fyrir þá uppgjörskauptu fjármálagerninga sem um getur í 5. og 8. mgr. og sjá til þess að eftirfarandi sé framkvæmt í lok hvers viðskiptadags sem miðlægi mótaðilinn tekur við slíkum fjármálagerningum:
 - a) uppgjörskauptu fjármálagerningarnir séu afhentir þeim stöðustofnunaraðilum sem eru viðtakendur,
 - b) uppgjörskauptu fjármálagerningarnir séu afturkölluð,
 - c) ný uppgjörskauptu fjármálagerningarnir séu færð inn í verðbréfauppgjörskerfið fyrir alla fjármálagerninga sem ekki eru afhentir og verðbréfamiðstöðin fái þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að bera kennsl á slík ný uppgjörskauptu fjármálagerningum í samræmi við það.
11. Miðlægi mótaðilinn skal sjá til þess að uppgjörskauptu fjármálagerningarnir í tengslum við uppgjörsbrestinn séu felld niður við greiðslu þeirra fébóta sem um getur í 6. og 9. mgr. eða, í síðasta lagi, á 2. viðskiptadegi eftir tilkynninguna sem þar er vísað til.

Undirþáttur 3

Uppgjörskaupafjerli viðskipta sem ekki eru stöðustofnuð af miðlægum mótaðila og eru framkvæmd á viðskiptavettvangi

28. gr.

Frumathugun

1. Að því er varðar viðskipti sem ekki eru stöðustofnuð af miðlægum mótaðilum og eru framkvæmd á viðskiptavettvangi skulu þeir þátttakendur sem eru viðtakendur upplýsa, gegnum viðskiptavini sína, þá aðila að viðskiptavettvangnum sem eru viðtakendur um alla uppgjörsbresti án ástæðulausrar tafar.
2. Viðskiptavettvangurinn skal upplýsa þann aðila að viðskiptavettvangnum sem er viðtakandi um deili á þeim aðilum að viðskiptavettvangnum sem valda uppgjörsbrestinum, sé þess óskað. Á viðskiptadeginum eftir lok framlengingartímabilsins skulu þeir aðilar að viðskiptavettvangnum sem eru viðtakendur athuga hvort uppgjörskaup séu möguleg í samræmi við 21. gr.
3. Séu uppgjörskaup ekki möguleg skv. 21. gr. skal sá aðili að viðskiptavettvangnum sem er viðtakandi tilkynna þeim aðila að viðskiptavettvangnum sem veldur uppgjörsbresti um niðurstöðu athugunarinnar og fjárhæð þeirra fébóta sem er reiknuð út í samræmi við 32. gr. Fébætur skal greiða í samræmi við 2. mgr. 33. gr.
4. Séu uppgjörskaup möguleg gildir 29. gr.

29. gr.

Uppgjörskaupafjerli og tilkynningar

1. Séu uppgjörskaup möguleg skal sá aðili að viðskiptavettvangnum sem er viðtakandi skipa umsjónaraðila uppgjörskauða á næsta viðskiptadegi eftir lok framlengingartímabilsins og tilkynna það þeim aðila að viðskiptavettvangnum sem veldur uppgjörsbrestinum.

2. Við móttöku tilkynningar eins og um getur í 1. mgr. skal sá aðili að viðskiptavettvangi sem veldur uppgjörsbresti tryggja að viðkomandi uppgjörsfyrirmæli í tengslum við uppgjörsbrestinn séu sett á bið.

3. Við móttöku tilkynningar eins og um getur í 1. mgr. er þeim aðila að viðskiptavettvangnum sem veldur uppgjörsbresti aðeins heimilt að afhenda umsjónaraðila uppgjörskaupa fjármálagerningana ef sá síðarnefndi samþykkir það fyrirfram.

Fram að móttöku tilkynningar eins og um getur í 1. mgr. er þeim aðila að viðskiptavettvangnum sem veldur uppgjörsbresti enn heimilt að afhenda fjármálagerningana beint þeim aðila að viðskiptavettvangnum sem er viðtakandi.

4. Sá aðili að viðskiptavettvangnum sem er viðtakandinn skal tilkynna þeim aðila að viðskiptavettvangnum sem veldur uppgjörsbresti og viðkomandi verðbréfamiðstöð um niðurstöður uppgjörskaupanna eigi síðar en á síðasta viðskiptadegi þess tímabils sem ákvarðað er í samræmi við 37. gr.

5. Heppnist uppgjörskaupin að hluta eða að öllu leyti skal tilkynningin sem um getur í 4. mgr. tilgreina magn og verð uppgjörskeyptu fjármálagerninganna.

6. Verði brestur á uppgjörskaupunum að hluta eða að öllu leyti skal tilkynningin sem um getur í 4. mgr. tilgreina fébætur sem reiknaðar eru út í samræmi við 32. gr., nema tilkynningin tilgreini að framkvæmd uppgjörskaupanna sé frestað.

7. Sé framkvæmd uppgjörskaupanna frestað skal sá aðili að viðskiptavettvangnum sem er viðtakandi tilkynna þeim aðila að viðskiptavettvangnum sem veldur uppgjörsbresti og viðkomandi verðbréfamiðstöð um niðurstöður frestuðu uppgjörskaupanna eigi síðar en á síðasta viðskiptadegi frestunartímabilsins sem um getur í 38. gr.

8. Heppnist uppgjörskaupin sem um getur í 7. mgr. að hluta eða að öllu leyti skal tilkynningin sem um getur í þeirri málsgrein tilgreina magn og verð uppgjörskeyptu fjármálagerninganna.

9. Verði brestur á uppgjörskaupunum sem um getur í 7. mgr. að hluta eða að öllu leyti skal tilkynningin sem um getur í þeirri málsgrein tilgreina þá fjárhæð fébóta sem reiknuð er út í samræmi við 32. gr.

10. Sá aðili að viðskiptavettvangi sem er viðtakandinn skal samþykkja og greiða fyrir uppgjörskeyptu fjármálagerningana sem um getur í 5. og 8. mgr.

11. Sá aðili að viðskiptavettvangi sem er viðtakandinn og sá aðili að viðskiptavettvangi sem veldur uppgjörsbrestinum skulu tryggja að eftirfarandi sé framkvæmt í lok hvers viðskiptadags sem hinn fyrrnefndi tekur við gerningunum sem um getur í 5. og 8. mgr.:

a) uppgjörsfyrirmælin sem varða uppgjörsbrestinn séu afturkölluð,

b) ný uppgjörsfyrirmæli séu færð inn í verðbréfauppgjörskerfið fyrir alla þá fjármálagerninga sem ekki eru afhentir og verðbréfamiðstöðin fái þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að bera kennsl á slík ný uppgjörsfyrirmæli í samræmi við það.

12. Sá aðili að viðskiptavettvangi sem veldur uppgjörsbresti skal greiða þær fébætur sem um getur í 6. og 9. mgr. í samræmi við 2. mgr. 33. gr.

13. Sá aðili að viðskiptavettvangi sem er viðtakandinn og sá aðili að viðskiptavettvangi sem veldur uppgjörsbresti skulu sjá til þess að viðkomandi uppgjörsfyrirmæli í tengslum við uppgjörsbrest séu felld niður við greiðslu þeirra fébóta sem um getur í 6. og 9. mgr. eða í síðasta lagi á 2. viðskiptadegi eftir tilkynninguna um fjárhæð fébótanna.

Undirþáttur 4

Uppgjörskauferli viðskipta sem eru ekki stöðustofnuð af miðlægum mótaðila og ekki framkvæmd á viðskiptavettvangi

30. gr.

Frumathugun

1. Að því er varðar viðskipti sem eru ekki stöðustofnuð af miðlægum mótaðila og ekki framkvæmd á viðskiptavettvangi skulu þeir þátttakendur sem eru viðtakendur upplýsa, gegnum viðskiptavini sína, þá viðskiptaaðila sem eru viðtakendur um alla uppgjörsbresti án ástæðulausrar tafar.

2. Á viðskiptadeginum eftir lok framlengingartímabilsins skulu þeir viðskiptaaðilar sem eru viðtakendur athuga hvort uppgjörskaup séu möguleg í samræmi við 21. gr.

3. Séu uppgjörskauð ekki möguleg skv. 21. gr. skulu viðskiptaaðilar sem eru viðtakendur tilkynna þeim viðskiptaaðila sem veldur uppgjörsbresti um niðurstöður athugunarinnar og fjárhæð þeirra fébóta sem er reiknuð út í samræmi við 32. gr. Fébætur skal greiða í samræmi við 2. mgr. 33. gr.

4. Séu uppgjörskauð möguleg gildir 31. gr.

31. gr.

Uppgjörskauðferli og tilkynningar

1. Séu uppgjörskauð möguleg skal sá viðskiptaaðili sem er viðtakandi skipa umsjónaraðila uppgjörskauða næsta viðskiptadag eftir að framlengingartímabilinu lýkur og tilkynna það þeim viðskiptaaðila sem veldur uppgjörsbresti.

2. Við móttöku tilkynningar eins og um getur í 1. mgr. skal sá viðskiptaaðili sem veldur uppgjörsbresti tryggja að viðkomandi uppgjörsfyrirmæli í tengslum við uppgjörsbrestinn séu sett á bið.

3. Við móttöku tilkynningar eins og um getur í 1. mgr. er þeim viðskiptaaðila sem veldur uppgjörsbresti aðeins heimilt að afhenda umsjónaraðila uppgjörskauða fjármálagerningana ef sá síðarnefndi samþykkir það fyrirfram.

Fram að móttöku tilkynningarinnar sem um getur í 1. mgr. er þeim viðskiptaaðila sem veldur uppgjörsbresti enn heimilt að afhenda fjármálagerningana beint þeim viðskiptaaðila sem er viðtakandi.

4. Viðskiptaaðilinn sem er viðtakandi skal tilkynna þeim viðskiptaaðila sem veldur uppgjörsbresti og viðkomandi verðbréfamiðstöð um niðurstöður uppgjörskauðanna eigi síðar en á síðasta viðskiptadegi viðkomandi tímabils sem ákvarðað er í samræmi við 37. gr. Viðskiptaaðilinn sem er viðtakandi skal sjá til þess að viðkomandi verðbréfamiðstöð fái upplýsingarnar sem tilkynnt er um án ástæðulausrar tafar.

5. Heppnist uppgjörskauðin að hluta eða að öllu leyti skal tilkynningin sem um getur í 4. mgr. tilgreina magn og verð uppgjörskauðanna.

6. Verði brestur á uppgjörskauðunum að hluta eða að öllu leyti skal tilkynningin sem um getur í 4. mgr. tilgreina fébætur sem reiknaðar eru út í samræmi við 32. gr., nema tilkynningin tilgreini að framkvæmd uppgjörskauðanna sé frestað.

7. Sé framkvæmd uppgjörskauðanna frestað skal sá viðskiptaaðili sem er viðtakandi tilkynna þeim viðskiptaaðila sem veldur uppgjörsbresti um niðurstöður frestuðu uppgjörskauðanna eigi síðar en á síðasta viðskiptadegi frestunartímabilsins sem um getur í 38. gr. Viðskiptaaðilinn sem er viðtakandi skal sjá til þess að viðkomandi verðbréfamiðstöð fái upplýsingarnar sem tilkynnt er um án ástæðulausrar tafar.

8. Heppnist uppgjörskauðin sem um getur í 7. mgr. að hluta eða að öllu leyti skal tilkynningin sem um getur í þeirri málsgrein tilgreina magn og verð uppgjörskauðanna.

9. Verði brestur á uppgjörskauðunum sem um getur í 7. mgr. að hluta eða að öllu leyti skal tilkynningin sem um getur í þeirri málsgrein tilgreina þá fjárhæð fébóta sem er reiknuð út í samræmi við 32. gr.

10. Sá viðskiptaaðili sem er viðtakandi skal samþykkja og greiða fyrir uppgjörskauðunum fjármálagerningana sem um getur í 5. og 8. mgr.

11. Viðskiptaaðilinn sem er viðtakandi og viðskiptaaðilinn sem veldur uppgjörsbresti skulu tryggja að eftirfarandi sé framkvæmt í lok hvers viðskiptadags sem hinn fyrrnefndi tekur við gemingunum sem um getur í 5. og 8. mgr.:

a) uppgjörsfyrirmælin sem varða uppgjörsbrestinn séu afturkölluð,

b) ný uppgjörsfyrirmæli séu færð inn í verðbréfauppgjörskerfið fyrir alla þá fjármálagerninga sem ekki eru afhentir og verðbréfamiðstöðin fái þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að bera kennsl á slík ný uppgjörsfyrirmæli í samræmi við það.

12. Viðskiptaaðilinn sem veldur uppgjörsbresti skal greiða þær fébætur sem um getur í 6. og 9. mgr. í samræmi við 3. mgr. 33. gr.

13. Viðskiptaaðilinn sem er viðtakandinn og viðskiptaaðilinn sem veldur uppgjörsbresti skulu sjá til þess að viðkomandi uppgjörsfyrirmæli í tengslum við uppgjörsbrest séu felld niður við greiðslu þeirra fébóta sem um getur í 6. og 9. mgr. eða í síðasta lagi á 2. viðskiptadegi eftir tilkynninguna um fjárhæð þeirra fébóta.

Undirþáttur 5

Útreikningur og greiðsla fébóta, kostnaðar vegna uppgjörskaupa og tengds verðmismunar

32. gr.

Útreikningur fébóta

1. Fébætur til greiðslu skv. 7. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skulu reiknaðar út með annarri hvorri eftirfarandi aðferða:
 - a) sé um að ræða fyrirmæli um uppgjör gegn greiðslu, þá sem mismunurinn milli annars vegar markaðsvirðis viðkomandi fjármálagerninga á viðskiptadeginum á undan greiðslu fébóta og hins vegar uppgjörsfjárhæðarinnar í uppgjörsfyrirmælunum sem brestur varð í framkvæmd á ef sú uppgjörsfjárhæð er lægri en markaðsvirðið,
 - b) sé um að ræða fyrirmæli um uppgjör án greiðslu, þá sem mismunurinn milli annars vegar markaðsvirðis viðkomandi fjármálagerninga á viðskiptadeginum á undan greiðslu fébóta og hins vegar markaðsvirðis þeirra fjármálagerninga á deginum sem viðskiptin með þá eiga sér stað, ef markaðsvirði þeirra fjármálagerninga á síðarnefnda deginum er lægra en á viðskiptadeginum fyrir greiðslu fébótanna.
2. Sé slíkur þáttur ekki þegar hluti markaðsvirðis fjármálagerningsins skulu fébætur til greiðslu samkvæmt 7. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 fela í sér þátt sem endurspeglar breytingar í gengi gjaldmiðla svo og fyrirtækjaaðgerðir og áfallna vexti.
3. Markaðsvirðið sem um getur í 1. mgr. skal ákvarðað sem hér segir:
 - a) sé um að ræða fjármálagerninga sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ⁽¹⁾ sem teknir eru til viðskipta á viðskiptavettvangi innan Sambandsins, þá sem virðið er ákvarðað á grundvelli lokaverðs á þeim markaði sem best á við með tilliti til seljanleika eins og um getur í b-lið 6. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar,
 - b) sé um að ræða fjármálagerninga sem eru teknir til viðskipta á viðskiptavettvangi innan Sambandsins, öðrum en sem um getur í a-lið, þá sem virðið er ákvarðað á grundvelli lokaverðs á veltumesta viðskiptavettvangnum innan Sambandsins,
 - c) sé um að ræða fjármálagerninga aðra en þá sem um getur í a- og b-lið, þá sem virðið er ákvarðað á grundvelli verðs sem er reiknað út með fyrirfram ákveðinni aðferð sem lögbært yfirvald verðbréfamiðstöðvarinnar samþykkir og sem byggir á viðmiðum tengdum markaðsgögnum, þ.m.t. markaðsverði sem er aðgengilegt á viðskiptavettvöngum eða hjá verðbréfafyrirtækjum.
4. Upplýsingar um markaðsvirðið sem um getur í 1. mgr. og þáttinn sem endurspeglar breytingar í gengi gjaldmiðla, réttindi í fyrirtækjum og áfallna vexti, sem um getur í 2. mgr., skulu birtar stöðustofnunaraðilum, aðilum að viðskiptavettvangi og viðskiptaaðilum ítarlega sundurliðaðar.

33. gr.

Greiðsla fébóta

1. Sé um að ræða viðskipti sem miðlægur mótaðili stöðustofnar skal hann innheimta fébætur frá þeim stöðustofnunaraðilum sem valda uppgjörsbresti og greiða þær þeim stöðustofnunaraðilum sem eru viðtakendurnir.
2. Hafi viðskipti ekki verið stöðustofnuð af miðlægum mótaðila heldur framkvæmd á viðskiptavettvangi skulu þeir aðilar að viðskiptavettvangnum sem valda uppgjörsbresti greiða fébæturnar þeim aðilum að viðskiptavettvangnum sem eru viðtakendurnir.
3. Hafi viðskipti hvorki verið stöðustofnuð af miðlægum mótaðila né framkvæmd á viðskiptavettvangi skulu þeir viðskiptaaðilar sem valda uppgjörsbresti greiða fébæturnar þeim viðskiptaaðilum sem eru viðtakendurnir.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stj.ú. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

34. gr.

Greiðsla kostnaður við uppgjörskaup

Þeir stöðustofnunaraðilar, aðilar að viðskiptavettvangi eða viðskiptaaðilar sem valda uppgjörsbresti skulu greiða þær fjárhæðir sem um getur í 8. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, eftir atvikum.

35. gr.

Greiðsla verðmismunar

1. Sé verð fjármálagerninga sem um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og samþykkt er á tíma viðskiptanna lægra en verðið sem er í raun greitt fyrir þá fjármálagerninga skv. 10. mgr. 27. gr., 10. mgr. 29. gr. og 10. mgr. 31. gr. skulu þeir stöðustofnunaraðilar, aðilar að viðskiptavettvangi eða viðskiptaaðilar sem valda uppgjörsbresti greiða verðmismuninn miðlæga mótaðilanum eða þeim aðilum að viðskiptavettvangnum eða viðskiptaaðilum sem eru viðtakendur, eftir því sem við á.

Stöðustofni miðlægur mótaðili viðskiptin skal hann innheimta verðmismuninn sem um getur í fyrstu undirgrein frá þeim stöðustofnunaradilum sem valda uppgjörsbresti og greiða hann þeim stöðustofnunaradilum sem eru viðtakendurnir.

2. Sé verð hlutabréfa sem samþykkt er á tíma viðskiptanna hærra en verðið sem í raun er greitt fyrir hlutabréfin skv. 10. mgr. 27. gr., 10. mgr. 29. gr. og 10. mgr. 31. gr. skal samsvarandi mismunur sem um getur í 6. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 teljast greiddur.

4. þáttur

Tímarammar uppgjörskaupafærlis

36. gr.

Framlengingartímabil

Í samræmi við a-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal lengja framlengingartímabilið fyrir fjármálagerninga sem um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 úr fjórum í sjö viðskiptadaga fyrir alla fjármálagerninga aðra en hlutabréf sem virkur markaður er með eins og um getur í b-lið 17. liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

37. gr.

Tímarammar afhendingar fjármálagerninga

Eftir uppgjörskaupafærlis skal afhenda þeim þátttakendum sem eru viðtakendur og koma fram fyrir hönd miðlæga mótaðilans eða þeim stöðustofnunaradilum, aðilum að viðskiptavettvöngum eða viðskiptaaðilum sem eru viðtakendur þá fjármálagerninga sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 innan eftirfarandi tímaramma:

- a) fjögurra viðskiptadaga eftir framlengingartímabilið sem um getur í 36. gr., sé um að ræða hlutabréf sem virkur markaður er með,
- b) sjö viðskiptadaga eftir framlengingartímabilið sem um getur í 36. gr., sé um að ræða fjármálagerninga aðra en hlutabréf sem virkur markaður er með,
- c) sjö viðskiptadaga eftir framlengingartímabilið sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sé um að ræða fjármálagerninga sem viðskipti eru með á vaxtarmörkuðum lítilla og meðalstórra fyrirtækja,
- d) gangi hlutabréf sem um getur í a-lið kaupum og sölum á vaxtarmörkuðum lítilla og meðalstórra fyrirtækja gildir c-liður.

38. gr.

Tímalengd frestunar á framkvæmd uppgjörskaupa

Fresti miðlægi mótaðilinn eða sá aðili að viðskiptavettvangi eða viðskiptaaðili sem er viðtakandinn framkvæmd uppgjörskaupanna skal ákvarða tímalengd frestunartímabilsins sem um getur í 7. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 í samræmi við þá tímaramma sem um getur í 37. gr.

5. þáttur

Kerfisbundinn afhendingarbrestur

39. gr.

Samræmur og kerfisbundinn brestur á afhendingu verðbréfa

1. Þátttakandi telst hafa stöðugt og skipulega vanrækt að afhenda fjármálagerninga í verðbréfauppgjörskerfi, eins og um getur í 9. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, ef hlutfall uppgjörsskilvirkni hans, ákvarðað út frá fjölda eða virði uppgjörsfyrirmæla, er a.m.k. 15% lægra en hlutfall uppgjörsskilvirkni þess verðbréfauppgjörskerfis á a.m.k. þeim fjölda daga sem telst skipta máli á næstliðnum 12 mánuðum.

Ákvarða skal þann fjölda daga sem telst skipta máli fyrir hvern þátttakanda sem 10% af þeim fjölda daga sem sá þátttakandi hefur verið virkur í verðbréfauppgjörskerfinu á næstliðnum 12 mánuðum.

2. Við útreikning á hlutfalli uppgjörsskilvirkni þátttakanda skal aðeins miða við þá uppgjörsbresti sem sá þátttakandi hefur valdið.

6. þáttur

Upplýsingar um uppgjör

40. gr.

Upplýsingar um uppgjör fyrir miðlæga mótaðila og viðskiptavettvanga

Þær upplýsingar um uppgjör sem um getur í annari undirgrein 10. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skulu hafa að geyma auðkenningu á viðkomandi viðskiptum, þátttakendum og uppgjörsfyrirmælum. Þær upplýsingar skulu grundvallast á upplýsingunum í verðbréfauppgjörskerfinu sem verðbréfamiðstöðin starfrækir.

41. gr.

Upplýsingar um uppgjör án beins viðskiptagagnastreymis frá viðskiptavettvangnum

Sé um að ræða viðskipti sem eru framkvæmd á viðskiptavettvangi, en ekki stöðustofnuð af miðlægum mótaðila, og ekki er til að dreifa beinu viðskiptagagnastreymi frá viðskiptavettvangnum til verðbréfamiðstöðvarinnar skulu þátttakendur tilgreina viðskiptavettvanginn og viðskiptin í uppgjörsfyrirmælum sínum. Án slíkra upplýsinga skulu verðbréfamiðstöðvar líta svo á að viðskiptin hafi ekki verið framkvæmd á viðskiptavettvangi.

IV. KAFLI

Lokaákvæði

42. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 24 mánuðum eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Tafla 1

Almennar upplýsingar um uppgjörsbresti sem verðbréfamiðstöðvar skulu veita lögbærum yfirvöldum og viðeigandi yfirvöldum mánaðarlega

Nr.	Upplýsingar sem skal veita	Snið
1.	Landskóði lögsögu þar sem verðbréfamiðstöð er með staðfestu	ISO 3166 tveggja stafa landskóði
2.	Verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöð starfrækir	Frjáls texti
3.	Tímastimpill skýrslugjafar (verðbréfamiðstöð til lögbærs yfirvalds/viðeigandi yfirvalds)	ISO 8601 dagsetning og UTC-tími á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DDTkk:mm:ssZ
4.	Skýrslutímabil: upphafs- og lokadagsetningar tímabils sem skýrslan tekur til	ISO 8601 dagsetning á sniðinu ÁÁÁÁ-MM-DD-ÁÁÁÁ-MM-DD
5.	Auðkenni lögaðila fyrir verðbréfamiðstöðina	ISO 17442 auðkenni lögaðila (LEI), kóði með 20 alstöfum
6.	Firmaheiti verðbréfamiðstöðvar	Frjáls texti
7.	Nafn einstaklings sem ber ábyrgð á skýrslu sem verðbréfamiðstöð sendir	Frjáls texti
8.	Staða einstaklings sem ber ábyrgð á skýrslu sem verðbréfamiðstöð sendir	Frjáls texti
9.	Símanúmer einstaklings sem ber ábyrgð á skýrslu sem verðbréfamiðstöð sendir	Aðeins má nota tölustafi. Símanúmerið skal gefið upp með landskóða og svæðisnúmeri. Ekki má nota sértákn.
10.	Tölvupóstfang einstaklings sem ber ábyrgð á skýrslu sem verðbréfamiðstöð sendir	Gefa skal upp tölvupóstfang á stöðluðu formi tölvupóstfangs.
11.	Fjöldi uppgjörsfyrirmæla á tímabilinu sem skýrslan tekur til	Allt að 20 tölustafir í heilum tölum án tugabrotsstafa.
12.	Fjöldi uppgjörsbresta á tímabilinu sem skýrslan tekur til (bæði uppgjörsbrestur vegna skorts á verðbréfum og vegna skorts á peningum)	Allt að 20 tölustafir í heilum tölum án tugabrotsstafa.
13.	Hlutfall uppgjörsbresta á grundvelli magns (fjöldi uppgjörsbresta/fjöldi uppgjörsfyrirmæla á tímabilinu sem skýrslan tekur til) (tekur til bæði uppgjörsbrests vegna skorts á verðbréfum og vegna skorts á peningum)	Prósenta með allt að tveimur tugasætum.

Nr.	Upplýsingar sem skal veita	Snið	
14.	Hlutfall uppgjörsbresta á grundvelli virðis (í evrum) (virði uppgjörsbresta/virði uppgjörsfyrirmæla á tímabilinu sem skýrslan tekur til) (tekur til bæði uppgjörsbrests vegna skorts á verðbréfum og vegna skorts á peningum)	Prósenta með allt að tveimur tugasætum.	
15.	Virði uppgjörsfyrirmæla (í evrum) á tímabilinu sem skýrslan tekur til	Allt að 20 tölustafir, þ.m.t. tugabrotsstafir. Fylla skal út a.m.k. einn staf fyrir og einn staf eftir tugabrotstáknið. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafir	
16.	Virði uppgjörsbresta (í evrum) á tímabilinu sem skýrslan tekur til (tekur til bæði uppgjörsbrests vegna skorts á verðbréfum og vegna skorts á peningum)	Allt að 20 tölustafir, þ.m.t. tugabrotsstafir. Fylla skal út a.m.k. einn staf fyrir og einn staf eftir tugabrotstáknið. Tugabrotstáknið telst ekki sem tölustafir	
17.	Þeir 10 þátttakendur sem hafa hæsta hlutfall uppgjörsbresta á tímabilinu sem skýrslan tekur til (á grundvelli fjölda uppgjörsfyrirmæla)	Fyrir hvern þátttakanda sem er tilgreindur með auðkenni lögaðila.	
